

um þessum, þó ekki lengur en 2 mánuði, enda sé fangelsi svo vel útbúið, að 29
föngum sé engin hættu búin.

1. febr.

8. gr.

Rekstrarkostnaður fangelsa þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, þar með talið hegningarhúsið í Reykjavík, greiðist að hálfu úr rikissjóði, en að hálfu úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði. Að öðru leyti setur dómsmálaráðherra með reglugerð fyrir mæli um rekstur fangelsa og annað, er þurfa þykir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaluborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

30

1. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Lænborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sjóveðréttur samkvæmt 11. kap. siglingalaganna, nr. 56 30. nóv. 1914, fyrir kröfum skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarar þóknunar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins, skal einnig ná til váttryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Bætur skipverja samkvæmt 3. mgr. 41. gr. sjómannalaganna, nr. 41 19. maí 1930, skulu hafa lögveðsrétt í váttryggingarfé skips og farmgjalds og ganga á undan sanningsbundnum veðum. Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er váttryggingarsala þá óheimilt að láta váttryggingarféð af höndum fyrr en 2 mánuðir eru liðnir frá því að fyrsta sjópróf var haldið út af slysinu, eða frá því, að skip var dæmt óbætandi með löglegri skoðunargerð samkvæmt 4. gr. siglingalaganna.

30

1. febr.

2. gr.

Sjóveðsréttar njóta ekki kröfur, sem skipstjóri stofnar við menn eða stofnanir hér á landi í sambandi við útgerð skipa, sem heimilisföst eru hér á landi og eingöngu eða aðallega eru notuð til fiskveiða hér við land, vegna úttektar á vistum, veiðarfærum, hverskonar sem eru, beitu, ís, salti, tunnum, kolum, benzíni, hverskonar olíum og öðrum vélanauðsynjum. Kröfur þessar ábyrgist útgerðarmaður með öllum eignum sínum.

3. gr.

Nú hefir skipstjóri greitt eða tekið á sig ábyrgð á greiðslu úttektar samkvæmt 2. gr., og á hann þá ekki sjóveðsrétt fyrir endurgreiðslukröfu sinni á útgerð skipsins.

4. gr.

Ákvæði 2. og 3. greinar gilda ekki um kröfur, sem stofnaðar eru eingöngu vegna úttektar nauðsynja til heimferðar skips, enda haldi skipið til heimferðar frá úttektarstað án nokkurra tafa, og telst það eigi heimferð, ef skip stundar veiðar eftir að úttekt hefir farið fram.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.